

Á fundi forsetanefndar þann 3. september sl. var eftirfarandi mál á dagskrá:

Mál nr. 0706404 - Siðareglur kjörinna fulltrúa

Bókun fundarins:

„Endurskoðun siðareglna. Hlutverk og verkferli forsetanefndar í málum sem varða siðareglur.

Tekið fyrir fyrirbyggjandi erindi. Forsetanefnd felur ritara forsetanefndar að stofna mál um innsend erindi.

Ritara forsetanefndar einnig falið að stilla upp drögum að tillögu að nýju ákvæði í gildandi siðareglum sem fjallar um málsmeðferð vegna ætlaðra brota og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar.“

Í samræmi við framangreint leggur ritari forsetanefndar til svohljóðandi drög að nýju ákvæði í siðareglur kjörinna fulltrúa:

„Málsmeðferð vegna ætlaðs brots

Leiki grunur á að fulltrúi hafi brotið ákvæði reglna þessa tekur forsetanefnd málið til umfjöllunar að eigin frumkvæði eða á grundvelli skriflegrar rökstuddar ábendingar. Við meðferð málsins skal forsetanefnd óska eftir sjónarmiðum aðila og ef hún telur þörf á að óska eftir áliti Siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ætlað brot á reglunum, sbr. 4. mgr. 29. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011. Niðurstaða forsetanefndar skal kynnt á fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Telji nefndin að um brot sé að ræða getur hún lagt til að forseti bæjarstjórnar ávíti viðkomandi vegna brotsins.“

14. september 2018

Ívar Bragason
lögmaður á stjórnslusviði og ritari forsetanefndar